



Reykjavík 26. maí 2023

## SAMKOMULAG UM AÐ LJÚKA MÁLI MEÐ SÁTT

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur haft til meðferðar mál gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (hér eftir ýmist LSR eða málsaðili) um hvort málsaðili hafi brotið gegn 1. mgr. 58. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi með því að hafa ekki tilkynnt fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín um að eignast virkan eignarhlut í Váttryggingafélagi Íslands hf. og eftirlitsskyldu dótturfélagi þess, Líftryggingafélagi Íslands hf.

Með tölvubréfi málsaðila, dags. 18. janúar sl., var lýst yfir vilja til að ljúka málinu með sátt. Málið telst upplýst og telur fjármálaeftirlitið forsendur til að ljúka málinu með sátt við málsaðila.

### I. Málsatvik

Málsaðili er lífeyrissjóður sem starfar á grundvelli laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða. LSR skiptist í þrjár deildir: A-deild, B-deild og séreign LSR.

Með flöggunartilkynningu, sem birtist í fréttakerfi kauphallar Nasdaq á Íslandi 17. janúar sl., var greint frá því að málsaðili hefði eignast 10,51% hlut í Váttryggingafélagi Íslands hf.

Váttryggingafélag Íslands hf. er með starfsleyfi sem váttryggingafélag samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi. Þá hefur dótturfélag þess, Líftryggingafélag Íslands hf., einnig starfsleyfi samkvæmt sömu lögum.

Að morgni 18. janúar sl. vakti málsaðili sjálfur athygli fjármálaeftirlitsins á því að myndast hefði virkur eignarhlutur í Váttryggingafélagi Íslands hf. og að láðst hefði að tilkynna um þau áform fyrir fram í samræmi við 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Með tölvubréfi síðar sama dag greindi málsaðili frá málsatvikum með ítarlegri hætti. Kom þar m.a. fram að 16. janúar sl. hefði A-deild málsaðila keypt 10.000.000 hluti í Váttryggingafélagi Íslands og að þar með hefði samlagður hlutur LSR farið úr 9,94% í 10,5%.

### II. Málsmeðferð

Að morgni dags 18. janúar sl. hafði starfsmaður málsaðila samband við fjármálaeftirlitið og vakti athygli á þeirri stöðu sem upp væri komin. Síðar sama dag barst

tölvubréf frá málsaðila þar sem farið var yfir málsatvik með ítarlegri hætti. Þar kom auk þess fram að um mistök hefði verið að ræða af hálfu LSR og að vinna væri hafin við gerð ráðstafana til að koma í veg fyrir að þau endurtækju sig. Þá kom fram að unnið væri að tilkynningu um virkan eignarhlut.

Í niðurlagi tölvubrúfsins sagði að væri það mat fjármálaeftirlitsins að ekki yrði komist hjá því að beita viðurlögum vegna málsins óskaði málsaðili eftir að ljúka málinu með sátt.

### III. Lagagrundvöllur

Í 45. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga um váttryggingastarfsemi er virkur eignarhlutur skilgreindur sem „Bein eða óbein eignarhlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.“

Í 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi er sú skylda lögð á þann, sem einn sér eða í samstarfi við aðra, hyggst eignast virkan eignarhlut í váttryggingafélagi með starfsleyfi útgefið hér á landi, að hann tilkynni fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Tilkynningunni þurfa að fylgja viðeigandi upplýsingar og gögn og geta kaupin ekki komið til framkvæmda fyrr en tímafrestur fjármálaeftirlitsins til að taka afstöðu til tilkynningarinnar er liðinn eða eftirlitið hefur tilkynnt viðkomandi að hann sé hæfur til að fara með eignarhlutinn, sbr. 2. mgr. 58. gr. sömu laga.

Brot gegn 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi kann að varða stjórnvaldssekt, sbr. 24. tölulið 1. mgr. 165. gr. sömu laga.

Um heimild til að ljúka málinu með sátt er fjallað í 166. gr. laga um váttryggingastarfsemi og reglum nr. 326/2019, um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

### IV. Niðurstaða

Með kaupum LSR á auknum hlut í Váttryggingafélagi Íslands hf. 16. janúar sl. jókst hlutdeild félagsins í síðarnefnda félaginu, og eftirlitsskyldu dótturfélagi þess, úr 9,94% í 10,51%. Þar með uppfyllti eignarhlutur málsaðila í Váttryggingafélagi Íslands hf., og dótturfélagi þess, hugtaksskilyrði virks eignarhlutar, sbr. 45. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Ljóst er af 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi, sbr. 45. tölulið 1. mgr. 6. gr. laganna, að málsaðila var skylt að tilkynna fjármálaeftirlitinu fyrir fram um framangreind viðskipti.

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna málsins telst sannað að málsaðili tilkynnti ekki fyrir fram um áform sín um að afla sér virks eignarhlutar í Vátryggingafélagi Íslands hf. og eftirlitsskyldu dótturfélagi þess. Af þeim sökum telst málsaðili hafa brotið gegn 1. mgr. 58. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

Brot á 1. mgr. 58. gr. laga um vátryggingastarfsemi geta varðað stjórnvaldssektum, sbr. 24. tölulið 1. mgr. 165. gr. laganna. Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 100.000 kr. til 50.000.000 kr., sbr. 2. mgr. 165. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 165. gr. laga um vátryggingastarfsemi skal, við ákvörðun sekta, tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögnum með sátt með samþykki málsaðila enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 166. gr. laga um vátryggingastarfsemi og reglur nr. 326/2019, um heimild fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í málinu hefur fjármálaeftirlitið horft til þess að ákvæðum X. kafla laga um vátryggingastarfsemi er ætlað að tryggja að stórir hluthafar í vátryggingarfélagum séu hæfir til að fara með eignarhlutinn. Þannig er dregið úr hættunni á að stórir hluthafar geti haft skaðleg áhrif með tilliti til heilbrigðis og trausts reksturs fyrirtækjanna eða markaðarins. Mikilvægt er að aðilar virði skylduna til að tilkynna um fyrirhuguð kaup þannig að eftirlitið hafi raunhæft tækifæri til að meta hæfi fyrirhugaðra kaupenda áður en af viðskiptum verður.

Þá er einnig litið til þess að málsaðili er lífeyrissjóður sem fjárfestir alla jafna til langs tíma og hefur virka aðkomu að fjárfestingum sínum. Verður að telja að málsaðili hafi yfir að búa sérfræðipækkingu á sviði fjármálamarkaða og hefði því mátt vera ljóst hvaða reglur giltu um virkan eignarhlut í vátryggingarfélagum. Til lækkunar á sektarfjárhæð horfir að málsaðili átti frumkvæði að því að tilkynna um brotið til fjármálaeftirlitsins og hefur lýst því yfir að hann muni grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að sambærilegt brot geti átt sér stað í starfsemi sinni. Þá horfir enn fremur til lækkunar sektarfjárhæðar að málsaðila hefur ekki á sl. fimm árum verið gerð sekt vegna brots gegn ákvæðum laga á fjármálamarkaði. Loks er við ákvörðun sektarfjárhæðar horft til fjárhagsstöðu aðila. Þó LSR hafi yfir að ráða miklum eignum er jafnframt horft til þess að skuldbindingar gagnvart sjóðfélögum eru að lokum ávallt jafnháar eignum sjóðsins.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brota málsaðila og atvikum máls að öðru leyti er málsaðila hér með boðið að ljúka málinu með sátt um brot og til greiðslu sektar að fjárhæð 2.500.000 kr. til ríkissjóðs.